



ORKUSTOFNUN

Umsögn um vatnsból við orlofshús að Stóra-Fjalli, Mýrarsýslu

Guttermur Sigbjarnarson, Þóroddur F. Þóroddsson

Greinargerð GS-þFB-80/03

UMSÖGN UM VATNSBÓL VIÐ ORLOFSHÚS AD STÓRA-FJALLI, MÝRARSÝSLU

Hinn 80-07-07 kynntum við undirritaðir okkar aðstæður við áætlað vatnsból orlofshúsa félagsins að Stóra-Fjalli.

Við álítum lind þá, sem grafin hefur verið út, muni vel fullnægja vatnsþörf húsanna og að öllum líkindum mun meira. Vátnið í lindinni kemur úr malarlagi undir mýrinni austan húsanna og holtunum þar í kring. Húsin sjálf munu að nokkru eða að mestu standa á safnsvæði lindanna. Náttúruleg síun vatnsins virðist góð við núverandi aðstæður, en hvers konar jarðrask mundi geta spiltt þar fyrir. Við bendum því á eftirfarandi atriði, sem nauðsynlegt er að hafa í huga við virkjun lindarinnar.

1. Verndun safnsvæðis lindarinnar.
 - a. Rotþrær orlofshúsanna verði ekki byggðar á safnsvæðinu, heldur verði skólpið leitt í lægri hæð en lindin er.
 - b. Jarðraski vegna byggingu húsanna og nauðsynlegra vegalagna verði haldið í lágmarki.
 - c. Mikil aðgát verði höfð á allri meðferð oliu á athafnasvæðinu og vandað verði mjög til frágangs oliutanka til að forðast oliumengun.
2. Frágangur vatnsbólsins verður að tryggja það að yfirborðsmengun berist ekki að því, hvorki með vatni né úr lofti. Hindra verður gerlagróður í vatnsbólinu með því að loka því, annað hvort með því:
 - a. Að byggja yfir það, svo að hvorki vatn (úrkoma) né ljós komist að vatninu.
 - b. Að setja brunn (úr steini eða öðru) í lindina og fylla fyrst með möl og síðan með þöktum jarðvegi umhverfis brunninn.

Við erum fúsir til að vera framkvæmdaaðilum til frekari ráðuneytis um frágang vatnsbólsins og athafnasvæðisins, ef þess er óskað.

Guttormur Sigbjarnarsson

Póroddur F. Póroddsson